

3 Svefnherbergi Þakíbúð - Penthouse in La Zenia

Ref: P087

**Húsið er
Selt**



Tegund eignar : Þakíbúð -
Penthouse
Bæjarfélag / Hverfi : La Zenia
Izona : Costa Blanca Sur
Svefnherbergi : 3
Baðherbergi : 2
Byggingarár : 2020

Sundlaug : Í sameign
Garður : Í sameign
Eignin snýr : til suðurs
Útsýni : Sjávarútsýni
Bílastæði : Bílastæðakjallari

Fermetra stærð eignar : 90 m²
Stærð verandar : 23 m²
Stærð þaksvala : 86 m²
Flugvöllur : 40 mín
Strönd : 10 mín
Borg : 4 mín
Golf : 4 mín

✓ Geymsla
✓ Þaksvalir

✓ Bílskúr
✓ Heimilistæki

✓ Verönd
✓ Innbyggð loftkæling

Þessi glæsilega þakíbúð (Penthouse) er staðsett á mjög vinsælu svæði á Costa Blanca strandlengjunni, þ.e. á milli Villamartín og La Zenia hverfanna þaðan sem stutt er í alla þjónustu og glæsilega verslunarmiðstöðin Zenia Boulevard í þægilegri göngufjarlægð. Héðan er jafnframt stutt í skóla, á glæsilegt íþróttasvæði Orihuela Costa, niður á Playa Flamenca þar sem laugardagsmarkaðurinn er allan ársins hring, að ekki sé talað um ströndina.

Íbúðin er með 3 svefnherbergjum, 2 baðherbergjum, 23 m² svölum auk 86 m² þaksvala þar sem nægt pláss er til að útbúa glæsilegt grillsvæði, sólbaðs aðstöðu eða hvað eina sem hugurinn gírnist, en þaðan er að sjálfsögðu glæsilegt útsýni til allra átta. Eigninni fylgir jafnframt bílastæði í bílastæðakjallara og er hún staðsett í einstöku hverfi, og í aflokaðri íbúðarþyrpingu þar sem hugað er að hverju smáatriði, með sameiginlegu sundlauga og garðsvæði. Í sama íbúðarkjarna eru í boði glæsilegar íbúðir með garði sem og íbúðir með rúgóðum svölum.

Skammt frá liggur vatna síkið "El canal" sem er vinsæl gönguleið fyrir náttúru unnendur að fara um, en þar er að finna mikið fuglalíf og hægt að fara í skemmtilegar göngu- eða hjólaferðir meðfram skurðinum til nærliggjandi bæja, án þess að fara út á götu og alltaf umlukin fallegri náttúru, en jafnframt er stutt að fara til annara hverfa, hvort sem er á tveimur jafnfljótum, eða á farartæki s.s. í hverfið Los Altos, La Florida og Playa Flamenca. En það má segja að ekki sé meira en 10 mín létt labb til allra þessara hverfa.

Auk þess er Zenia Boulevard verslunarmiðstöðin skammt frá, þar sem þín bíður mikið úrval verslana í yfir 80.000 m² verslunarhúsnæði, að ógleymdir heilbrigðisþjónustu hins margrómaða Torrevieja spítala sem er í 10 mínútna ökuþjónu frá kílómetra löngum breiðum af fín sendnum ströndum sem hafa fengið vottun Evrópusambandsins fyrir gæði sjávar og þjónustu í formi Bláa fánans.

Stutt er jafnframt að rölta til verslunarmiðstöðvarinnar Los Dolses þar sem er að finna mikið úrval veitingastaða og bara, auk matvöruverslunarinnar o.fl. svo eitthvað sé nefnt, eða innan við 5 mínútur.

Ekki hika við að hafa samband við okkur til að fá frekari upplýsingar um þessa vel staðsettu eign!

